



Starfsmenn

Þorvarður Árnason hefur verið forstöðumaður Háskólasetursins frá því um mitt ár 2006. Hann er doktor í umhverfisfræði en lauk áður grunnnámi í líffræði og í kvikmyndagerð. Helstu áhugamál hans eru náttúruljósmyndun og kórsöngur, hann syngur annan tenór í Karlakórnum Jökli og með Stökum Jökum.

Ingibjörg Eiríksdóttir ferðamálafræðingur er sameiginlegur starfsmaður Háskólasetursins og Kirkjubæjarstofu, staðsett á Kirkjubæjarklaustri. Tenging hennar við svæðið er ekki síst gegnum hálendið ofan þess; þar hefur hún ferðast mikið og starfað m.a. við leiðsögn og skálavörslu. Ingibjörg telur óþrjótandi tækifæri vera í náttúrutengdri ferðaþjónustu á svæðinu og þeim möguleikum sem NEED, Vatnajökulspjóðgarður og fleira gefa.

Sandra Björg Stefánsdóttir hóf störf á Háskólasetrinu um mitt sumar 2008 eftir að hafa lokið BA námi í ferðamálafræði frá Háskólanum á Hólum. Útivist og umhverfismál eru meðal helstu áhugamála Söndru og telur hún að þessi áhugi falli vel að störfum hennar á Háskólasetrinu og þá sérstaklega að NEED verkefnum.

Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir er fædd og uppalin á Höfn. Hún nam ferðamálafræði við jarð- og landfræðiskor Háskóla Íslands og lauk þaðan BSc prófið vorið 2008. Mörg af helstu áhugamálum Sigrúnar Ingu tengjast náttúrunni og hefur hún haft bæði gagn og gaman af þeim fjölbreyttu verkefnum sem hún hefur sinnt hjá Háskólasetrinu, svo sem þróun fuglaferðaþjónustu á Suð-Austurlandi.

Soffía Auður Birgisdóttir er bókmenntafræðingur að mennt. Hún starfar sem sérfræðingur hjá Háskólasetrinu en var áður adjúntk í íslenskum bókmenntum við Hugvísindadeild H.Í. Á allra síðustu árum hefur Soffía Auður m.a. unnið að viðamikilli rannsókn á verkum Þórbergs Þórðarsonar. Hún hefur einnig um árabíl starfað sem bókmennta- og leiklistargagnrýnandi hjá Morgunblaðinu.

Háskólasetrið á Hornafirði
Nýheimum, 780 Höfn
s: 470-8040, 470-8044
<http://stofnanir.hi.is/hornafjordur/>



Háskólasetrið á Hornafirði

Háskólasetrið á Hornafirði er rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Suð-Austurlandi. Það var formlega stofnað 30. nóvember 2001. Meginhlutverk þess er að auka þekkingu um náttúrufer, menningu og samfélag á Suð-Austurlandi, bæði með sjálfstæðum rannsóknum og með því að veita fræðimönnum og nemendum, erlendum jafnt sem innlendum, aðstöðu til rannsókn- og fræðastarfs.

Háskólasetrið heyrir undir Stofnun Fræðasetra Háskóla Íslands. Markmið stofnunarinnar er að skapa aðstöðu til rannsókna á landsbyggðinni, auka möguleika almennings til menntunar og styrkja tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf.

Starfssvæði Setursins nær yfir allt Suð-Austurland en megináherslan til þessa hefur þó verið á rannsóknir í Austur-Skaftafellssýslu. Starfssvæðið skarast annars vegar við Fræðasetrið á Egilsstöðum og hins vegar við Háskólasetur Suðurlands.

Meginviðfangsefni Háskólasetursins hafa frá upphafi verið rannsóknir á sviði umhverfismála og náttúruverndar, einkum í tengslum við ferðaþjónustu og starfsemi á friðlýstum svæðum. Við setrið hafa einnig verið stundaðir rannsóknir um jöklafræði og loftlagsbreytingar, um bókmenntir og listir og í þjóðfræði.



Helstu yfirstandandi verkefni:

NEED

NEED er skammstöfun fyrir verkefnið Northern Environmental Education Development project sem á íslensku mætti þýða sem Uppbygging náttúruskóla og umhverfismenntar á norðurslóðum. NEED er fjölþjóðlegt samstarfsverkefni Íslendinga, Finna, Norðmanna og Íra. Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (Northern Periphery Programme) er aðalstyrktaraðili þess. Það er þriggja ára verkefni sem hófst árið 2008.

Í NEED- verkefninu er lögð áhersla bæði á þróun umhverfismenntar og á uppbyggingu fræðandi ferðaþjónustu á friðlýstum svæðum. Einnig er ætlunin að aðstoða heimamenn við að auka þekkingu sína á umhverfismálum og efla færni þeirra til að sinna störfum sem byggja á tilvist friðlýstra svæða.

Meginmarkmið NEED- verkefnisins er að vernda náttúru og menningararf samhliða því að skapa ný, sjálfbær starfstækifæri í dreifðum byggðum þar sem atvinnuþróun hefur víða átt erfitt uppráttar.

Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á heimasíðu þess <http://www.need.is>.

Fuglar á Suð-Austurlandi

Verkefnið Fuglar á Suð-Austurlandi er samstarfsverkefni aðila í Sveitarfélaginu Hornafirði og Djúpavogshreppi. Markmið verkefnisins er að markaðsetja Suð-Austurland sem áhugavert svæði til fuglaskoðunar. Fuglaskoðun er viðbót við þá afþreyingu sem þegar er í boði á svæðinu og léttir álagi af fjölsóttustu ferðamannastöðunum. Fuglaskoðun eykur þekkingu á umhverfinu, eflir umhverfisvitund og svarar þannig ört vaxandi þörf fyrir fræðslutengda og sjálfbæra ferðaþjónustu. Fuglalíf á Suðausturlandi er áhugaverðast á jaðartíma ferðaþjónustunnar, vor og haust og því mun uppbygging fuglaskoðunar leiða til bættrar nýtingar innviða ferðaþjónustunnar á svæðinu. Einnig er gert ráð fyrir að sérhæfð störf skapist í fuglaleiðsögn og náttúrutúlkun.

Ráðgjöf við gerð verndaráætlana fyrir suður- og vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs

Verkefnin eru unnin fyrir svæðisráð í suður- og vesturhluta Vatnajökulsþjóðgarðs. Þau felast í söfnun og greiningu upplýsinga um náttúrfar, landnotkun og menningarverðmæti innan þessara svæða og kortlagningu þeirra í sameiginlegan gagnagrunn. Einnig er unnið að fræðilegri úttekt á gerð áætlana um verndun og nýtingu friðlýstra svæða, ásamt greiningu á alþjóðlegum stöðlum og viðmiðum.

Út frá þessum gögnum verður hægt að meta verndar- og nýtingargildi einstakra hluta svæðisins á samræmdan hátt, bera þau saman og setja fram tillögur um verndarstig. Enn fremur verður leitað leiða til að bæta miðlun upplýsinga og að þróun samráðsferils við landeigendur og aðra heimamenn.



Þar að auki má nefna eftirfarandi verkefni:

Íslenskt landslag – Flokkun og verðmætamat

Vatnajökulsþjóðgarður – Áhrif á samfélag og umhverfi

Ráðgjöf við mat á umhverfisáhrifum áætlana

Ráðgjöf við mótun umhverfisstefnu fyrir Ríki Vatnajökuls

Ráðgjöf við þróun menningartengdrar ferðaþjónustu

Skáldævisagan – Höfundarverk Þórbergs Þórðarsonar

Tengsl loftslags- og jöklabreytinga suðaustan í Vatnajökli

Munnleg hefð í Austur- Skaftafellssýslu

NEST - Þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu á norðurslóðum (2005-7)